

Smiðjan Brugghús er staðsett í Vík í Mýrdal og hefur starfað síðan 2018 og erum við með bæði veitingastað og brugghús. Við leggjum mikinn metnað í það sem við gerum og viljum að neytendur geti treyst því að þegar þeir komi til okkar að þá fái þau bjórinn sem ferskastann og að þau geti fengið að heyra fræðslu um bjórana og jafnvel einhverjar sögur tengdar gerð þeirra eða nöfnum. Þetta er eitthvað sem neytendur geta ekki upplifað þegar þeir fara í Vínbúðir að versla okkar vörur.

Fyrir okkur að geta selt vörurnar okkar út úr brugghúsinu en ekki bara í opnum umbúðum getur skipt okkur gífurlegu máli, til dæmis árið 2019 þá yfir sumarið voru 70% af okkur viðskiptavinum bjóráhugamenn frá Bandaríkjunum sem fannst frábært að komast í lítinn smábæ í landinu okkar og fá að sjá hvernig bjórinn er gerður, fá að smakka hann og heyra sögurnar af þeim, en þeim fannst að við mættum ekki selja þeim bjór til þess að taka með sér heim til að kynna fyrir fleiri bjóráhugamönnum vera álíka fánanlegt og að bjór hafi verið bannaður hér til 1989.

Með því að leyfa okkur að selja vörur út úr brugghúsinu erum við ekki bara að tala um krónur og aura í þeirri sölu heldur viljum við að bjórarnir okkar og annara íslenskra brugghúsa komist erlendis og að það muni auka fjölda bjórferðamanna til landsins.

Okkur finnst einnig að þetta frumvarp sé mjög gott fyrsta skref en okkur finnst að við eigum alveg eins og starfsmenn Vínbúðarinnar að mega selja vörurnar okkar úr húsi og ætti það ekki að skipta máli með bæði magn og prósentu.

Einnig teljum við að það sé þörf á að skoða afslátt á afengisgjöldum til smærri framleiðenda til þess að auka samkeppnishæfi okkar við hina stóru framleiðendur.

Sveinn Sigurðsson meðstofnandi Smiðjunnar Brugghúss  
Þórey Richardt Úlfarsdóttir Meðstofnandi Smiðjunnar Brugghúss